

Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Hnífsdalur 5. nóvember 2019

Efni: Gamli barnaskólinn

Á fundi hverfisráðs Hnífsdals þann 4. nóvember sl. var rætt um húsnæði gamla barnaskólans í Hnífsdal.

Formanni var falið að senda bréf til Ísafjarðarbæjar og óska eftir að húseigandi sinni almennu viðhaldi á húsinu, er þá einkum horft til að endurnýja gólfefni á íþróttasal inn af kapellu.

Með örlitlum kostnaði er hægt að lyfta húsinu upp þannig að hægt sé að nýta það meira en nú er gert.

Kveðja

Jóhann Birkir Helgason
Formaður Hverfisráðs Hnífsdals